

Fundur 27.1.2025 Hallgrímur Pétursson sálmaskáld.

Sælt veri fólkið, góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Öflugur er ég í framlífi og vona ég að þið finnið það.

*Já.*

Hef ég svo margsinnis talað til ykkar og hefur það ævinlega verið ánægjulegt og hafa miðlar ykkar verið fordóma lausir og ekki haldnir þeirri firru að við séum andar, og hef ég svo oft lent í því, þegar samband hefur fengist við spíritista, að ekki vilji þeir trúna að ég hafi kastað trúnni.

Og hefur mér þótt það ánægjulegt að segja frá því að betur hefur mér gengið að tala í gegnum ykkar miðla en þá sem halda að við séum andar.

Vona ég nú að mér takist að koma fleiri áhugaverðum atriðum í gegnum ykkur, á þessum fundi og finn ég fyrir góðum áhrifum frá ykkur og er okkur skammtaður, markaður tíminn í hvert sinn sem við tölum til ykkar yfir geimdjúpið, og orkan er takmörkuð og höfum við verið mögnuð af enn æðri verum, fyrir hvert samband.

Það vil ég taka fram hér í kvöld, sem ykkur kemur kannski á óvart, að þótt ég hafi prestur verið nefndur meðal ykkar á jörðinni, þá ólst ég upp og menntaðist í skóla nokkrum á Íslandi, fyrr á öldum, þar sem menn höfðu með höndum galdraskræður, svo nefndar, og var það skólapiltunum nokkur uppljómun, og var það mér því ekki bein braut eða ekki var ég viss um það strax í æsku að yrði ég prestur, en fór það svo að lokum og fann ég mig mjögi því hlutverki.

En margt er það nú ósagt um mína æfi og mörg er sú æfin sem ekki hefur verið frá sagt, en það skiptir kannski mestu fyrir ykkur að vita af því að hver sá Guð eða Gyðja sem þið treystið á, mun leiða ykkur samtaka í ljós og kærleika með öðru fólki, ef þið verðið besta útgáfan af ykkur sjálfum, eins og ég hef heyrt að þið hafið fyrir orðtæki í ykkar samtíma.

Og var það mér mikilvægt á sínum tíma í þrengingum lífsins að hafa trúna við að styðjast og hjálpaði ég fólki líka á þeim grundvelli og gladdi það mig mjög þegar að það tókst.

En heilsan bilar fyrr og síðar, og þannig var það hjá mér eins og öðrum, en er ég hér öflugur í framlífi, og veit ég að margir eru þeir sem nutu verka minna á jörðinni, sem munu finna styrk frá mér, og mannkyni okkar á framlífs hnetti, og er það fjölmargt ósagt um æsku mína og æfi á Íslandi og sumuleiðis framlífs hnetti þá sem ég hef verið á.

Og vil ég taka það fram að vinur minn góður vill við ykkur tala og mun hann án efa koma með erindi áður en langt um líður, ef orkan leyfir og aðstæður eru fyrir hendi, það eru margir sem bíða og ekki alltaf auðvelt að koma á sambandi, er það Brynjólfur Sveinsson.

*Ert þú Hallgrímur ?*

Hallgrímur Pétursson.

*Vertu kærlega velkominn.*

Já þakka þér fyrir vinur, já hann ætlar að segja frá því hvernig hann náði sambandi við sín börn sem létust og hvernig hann hefur komið með kenningar þess efnis að Jahve og aðrir helstefnu herrar, hafi stöðvað framfara þróun.

Og þið Íslendingar sem enn eruð, þurfið að komast í sambandið við þá framtíð sem gefur ykkur aukna gæfu, og þau mannkyn sem hjálpa ykkur að láta þá einstaklinga fæðast og láta gott af sér leiða meðal ykkar, sem koma ykkur út úr ógæfu þeirri sem steðjar að frá helstefnu öflum.

Já þegar ég var í Þýskalandi, kynntist ég mörgum merkum mönnum og börnin okkar Guðríðar, höfum við fengið að hitta og tala við í framlífi.

Og vona ég að þið lesið sálmana mína aftur með því hugarfari, að ég skynjaði það ævinlega svo og var í tengslum við trúarhópa, að Kristur væri hið sanna kærleiks afl, en síður Jahve, Drottinn gamla testamentisins.

Finn ég nú orkuna minnka gleður það mig mjög að hafa komið hér fram á fundinum, og er margt enn ósagt, en þið megið njóta krafts og munið gjarnan fá styrk frá okkur á þessum hnetti.

Þykir mér leitt að sambandið er að rofna, gleður það mig að eitthvað komst í gegn.

Verið þið sæl, allt of langt síðan ég hef náð sambandi.

Verið þið sæl.

*Vertu sæll forfaðir, blessaður.*